

33. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

34. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Blönduóss, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 392 frá 26. október 1977 um Hitaveitu Blönduóss.

Íðnaðarráðuneytið, 7. desember 1989.

Jón Sigurðsson.

Páll Flygenring.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við U-beygju á Suðurlandsbraut við Hallarmúla frá vestri til vesturs. Ákvörðun þessi tekur gildi 20. desember 1989.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. desember 1989.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að rýmka bann sem gilt hefur við akstri bifreiða út af stæði Hreyfils í Hafnarstræti á þann veg að akstur leigubifreiða verði heimill af stæðinu inn á götuna.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. desember 1989.

Böðvar Bragason.